

SAMÞYKKT

um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skipuð 5 fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur annast þau verkefni sem því eru falin í lögum, sbr. leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sem fer með málefni sveitarfélaga.

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um sveitarstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu rættar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga.
2. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja sveitarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.

8. Að samþykkja og hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Að setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
11. Að móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum sveitarfélagsins, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafn lengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafn lengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör oddvita og varaoddvita.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn oddvita og einn varaoddvita. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn, að öðrum kosti skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis þegar að því loknu, sbr. 6. mgr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita.

III. KAFLI

Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar tvisvar sinnum í mánuði á miðvikudögum kl. 14 í fundarherbergi í Árnesi.

Aukafundi skal halda þegar oddviti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórnarfundi er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti eða allir sveitarstjórnarfulltrúar taki þátt með rafrænum hætti.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

Auglýsa skal fundi sveitarstjórnar á skrifstofu sveitarfélagsins og á vef þess með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og tilgreina þarf þar dagskrá fundar.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri boðar fundi í samráði við oddvita. Fundarboð skal berast sveitarstjórnarfulltrúum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda gögn með rafrænum hætti.

10. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og ráðningu sveitarstjóra og helstu stjórnendur sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tl. hér að framan, og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri eða oddviti ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega eða með rafrænum hætti þremur sólarhringum fyrir fund til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins og á skrifstofu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarfulltrúa, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir sveitarstjórnar.

Fundir sveitarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi sveitarstjórnar.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.

Sveitarstjórnarfulltrúum/nefndarmönnum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundum með rafrænum hætti í gegnum fjarfundarbúnað séu þeir staddir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins en að öðrum kosti skal kalla inn varamann. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Óski sveitarstjórnarfulltrúi eða nefndarmaður að taka þátt í fundi með rafrænum hætti skal tilkynna það oddvita eða sveitarstjóra með nægjanlegum fyrirvara.

Ef nefndarmaður, einn eða fleiri, taka þátt í fundi með fjarfundarbúnaði skal tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Missi fundarmaður á fjarfundi samband við fundinn skal gert fundarhlé og miða skal við að fundur hefjist ekki að nýju fyrr en samband hefur náðst við fundarmanninn, hann veiti samþykki fyrir því að fundur haldi áfram án hans eða varamaður taki sæti hans á fundinum.

15. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

Við ritun fundargerða sveitarstjórnar skal farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna sem settar eru skv. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

- a. *Fundarstjórn.* Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.

- b. *Vald oddvita.* Skyld er sveitarstjórnarfulltrúa að lúta valdi oddvita í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef sveitarstjórnarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef sveitarstjórnarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef sveitarstjórnarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

Ef áheyrandi á sveitarstjórafundum raskar fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi oddvita þarf til að taka myndir í fundarsal sveitarstjórnar.

- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða oddviti ákveði að önnur röð skuli höfð. Oddviti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að

taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa þau afbrigði.

- d. *Málfrelsi sveitarstjóra*. Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- e. *Málfrelsi*. Sveitarstjórnarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

- f. *Ávarp ræðumanns*. Sveitarstjórnarfulltrúi skal beina máli sínu til oddvita. Sveitarstjórnarfulltrúi skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarfulltrúa með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða.

Ekki má lesa upp prentað mál nema oddviti leyfi.

- g. *Hve oft má tala*. Sveitarstjórnarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi.

- h. *Ræðutími*. Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum þessarar greinar.

- i. *Tillögur og afgreiðsla*. Sveitarstjórnarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.

Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

- j. *Réttur til bókunar*. Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

- k. *Atkvæðagreiðsla*. Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarfulltrúi, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarfulltrúi óskar og sveitarstjórn samþykkir.

1. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör. Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar. Sveitarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tl. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi sveitarstjórnarfulltrúa, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum og í samþykkt þessari. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins. Sveitarstjórnarfulltrúi eða nefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarfulltrúi eða nefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa eða taka ákvörðun í tilteknu máli sem lagt er fyrir sveitarstjórn eða nefnd eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin eða nefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við um sveitarstjóra.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Varamenn í sveitarstjórn taka sæti í þeirri röð sem þeir voru kosnir til sveitarstjórnar þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur sveitarstjórnarfulltrúa.

19. gr.

Skyldur sveitarstjórnarfulltrúa.

Sveitarstjórnarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

Réttur sveitarstjórnarfulltrúa.

Sveitarstjórnarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarfulltrúi ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal beina beiðni sinni um gögn til sveitarstjóra og skal hann afhenda afrit af þeim gögnum sem fellur að upplýsingarétti almennings innan fimm virkra daga frá móttöku beiðninnar. Tiltaka skal í beiðninni hvaða gögnum óskað er eftir og snerta viðkomandi málefni. Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða eru óvenju viðamikil, er heimilt að bjóða sveitarstjórnarfulltrúa að kynna sér þau á skrifstofu sveitarfélagsins. Ef beiðni sveitarstjórnarfulltrúa varðar viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar hjá sveitarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji sveitarstjórnarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi sveitarstjórnarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn.

Ef sveitarstjórnarfulltrúi missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3

hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarfulltrúa og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarfulltrúi fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarfulltrúa, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir.

27. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Sveitarstjórn kys fulltrúa í nefndir, aðal- og varamenn, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

28. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tl. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaaðrekstrum vegna nefndarsetu.

29. gr.

Erindisbréf.

Sveitarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir sveitarstjórnar.

30. gr.

Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Fastanefndum Skeiða- og Gnúpverjahrepps er ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál nema í þeim tilvikum sem greinir í 2. mgr. Aðrar ályktanir nefnda eru tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu sveitarstjórnar.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er sveitarstjórn þó heimilt að fela kjörnum nefndum, sem taldar eru upp í 41. gr. samþykktar þessarar, að afgreiða, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál á verksviði þeirra ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
3. þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Framsalsheimildir nefnda til fullnaðarafgreiðslu skulu koma fram í samþykktum nefnda og í samþykkt þessari.

Þriðjungur fulltrúa í nefnd, ráði eða stjórn sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu máls, sbr. 1. mgr. getur farið fram á að sveitarstjórn eða viðkomandi nefnd skv. samþykktum þessum taki ákvörðun í máli.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 2. eða 4. mgr. til sveitarstjórnar.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

Afgreiðslur nefnda, ráða eða stjórna sem hefur fengið framselt vald til fullnaðarafgreiðslu máls skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

31. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

32. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Nefndum er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfundum á undan, svo fremi lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

33. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

34. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

35. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

36. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundum nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tl. 44. gr. og 4. tl. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

37. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

38. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

39. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

40. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

41. gr.

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.***A. Fastanefndir.**

1. *Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Kjörstjórn kýs sér formann/oddvita og ritara úr sínum hópi. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum kosningalaga.
2. *Skólanefnd.* Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Skólanefnd fer með málefni grunnskóla, skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og málefni leikskóla skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Samstarf er með Hrunamannahreppi varðandi grunnskólann á Flúðum og skal skólanefnd tilnefna tvo fulltrúa til að sitja í skólanefnd Hrunamannahrepps þegar málefni Flúðaskóla eru til umræðu.
3. *Afréttarnefnd Gnúpverjafréttar.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með stjórn fjallskilamála í fjallskiladeild Skeiða- og Gnúpverjahrepps í umboði sveitarstjórnar, sbr. ákvæði laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt Árnesháls austan vatna og önnur landbúnaðarmál.
4. *Afréttamálaflélag Flóa og Skeiða.* Sveitarstjórn skipar tvo aðalmenn og jafnmarga til vara á fundi nefndarinnar.
5. *Loftslags- og umhverfisnefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um umhverfismál og fer með málefni um loftslags-, umhverfis- og sorpmál, m.a. í samræmi við lög um landgræðslu nr. 155/2018, lög um meðhöndlum úrgangs nr. 55/2003 og lög um loftslagsmál nr. 70/2012. Þá fer nefndin jafnframt með

málefni og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisnefnd fer með fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmda þegar sveitarfélagið sjálft er framkvæmdaaðili.

6. *Húsnæðisnefnd*. Sveitarstjórn fer með verkefni húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
7. *Bókasafnsnefnd*. Sveitarstjórn fer með verkefni bókasafnsnefndar, sbr. bókasafnalög nr. 150/2012.
8. *Veitunefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Veitunefnd fer með stjórn vatns- og fráveitu sveitarfélagsins og í umboði sveitarstjórnar í samræmi m.a. við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, orkulög nr. 58/1967 og lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.
9. *Menningar- og æskulýðsnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um menningarmál í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þá kemur nefndin að skipulagningu á viðburðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Nefndin skal starfa í nánnum tengslum við íbúa og hin frjálsu félög í sveitarfélaginu og stuðla þannig að samþættingu menningar- og æskulýðsstarfs meðal íbúa. Að öðru leyti fer um málefni nefndarinnar eftir því sem lög og reglugerðir segja fyrir og sveitarstjórn felur henni.
10. *Velferðar- og jafnréttisnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara og er nefndinni ætlað að vinna að velferðar- og jafnréttismálum í sveitarfélaginu. Að öðru leyti fer um málefni nefndarinnar eftir því sem lög og reglugerðir segja fyrir um og sveitarstjórn felur henni.
11. *Atvinnu- og samgöngunefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndinni er annars vegar ætlað að styrkja og efla þær atvinnugreinar sem fyrir eru í sveitarfélaginu og hins vegar að fara með samgöngumál í sveitarfélaginu. Nefndin er ráðgefandi og gerir tillögur til sveitarstjórnar. Skal nefndin starfa í nánnum tengslum við íbúa og hin frjálsu félög í sveitarfélaginu og stuðla að nýsköpun í atvinnumálum. Að öðru leyti fer um málefni nefndarinnar eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um og sveitarstjórn felur henni.
12. *Ungmennaráð*. Sveitarstjórn skipar ráðið. Hún skipar einnig formann en að öðru leyti skiptir ráðið með sér verkum. Formaður velur í ráðið í samráði við sveitarstjórn. Fulltrúar eru skipaðir til tveggja ára og skulu vera fimm aðalmenn. Heimilt er að sama ráð sitji tvö tímabil. Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki í sveitarfélaginu að 18 ára aldri og gerir tillögur til sveitarstjórnar og fundar með nemendum grunnskólans á sex mánaða fresti og kemur athugasemdum/skoðunum af þeim fundi til sveitarstjórnar.
13. *Samráðshópur um málefni aldraðra í Skeiða- og Gnúpverjahreppi*. Ráðið er skipað þremur fulltrúum. Sveitarstjórn kýs einn aðalmann og annan til vara. Félag eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi tilnefnir tvo aðalmenn og tvo til vara. Ráðið vinnur að málefnum aldraðra í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

B. Stjórnir og samstarfsnefndir.

1. *Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíps bs*. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps kýs einn aðalmann og annan til vara til setu í stjórn byggðasamlagsins, nefnd oddvita og sveitarstjóra (NOS), samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

Fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í stjórn NOS hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skólaþjónustu- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samþykktu byggðasamlagsins og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Byggðasamlagið, sem skipa sjö aðalmenn og jafnmargir til vara, er samlag sjö sveitarfélaga, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Hveragerðisbæjar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Sveitarfélagsins Ölfuss og heitir það Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíps, en nefndin heitir skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíps.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíps fer með stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þá

- fer nefndin með áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.
2. *Bergrisinn bs.* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi skv. sérstökum samþykktum. Sveitarfélögin mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlað fólk í samræmi við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins og annan til vara. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skipar þrjá fulltrúa á aðalfund Bergrisans bs. og þrjá til vara.
 3. *Skipulagsnefnd Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipa sameiginlega sex manna skipulagsnefnd uppsveita skv. sérstökum samningi þar að lútandi. Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipar einn aðalmann og annan til vara í nefndina. Nefndin fer með skipulagsmál skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingarmál skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
 4. *Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur fara með stjórn byggðasamlags Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs. skv. sérstökum samningi. Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipar einn aðalmann og annan til vara í stjórnina og er kjörtímabil stjórnar það sama og sveitarstjórnar. Stjórnarfulltrúar skulu vera aðalmenn í sveitarstjórn aðildarsveitarfélaganna. Framsals- og valdheimildir til byggingarfulltrúa byggðasamlagsins fara eftir ákvæðum samnings og samþykktar fyrir Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs. og 48. gr. samþykktar þessarar.
 5. *Héraðsnefnd Árnesinga bs.* Héraðsnefnd Árnesinga starfar samkvæmt sérstökum samningi milli allra sveitarfélaganna í Árnessýslu. Nefndin fer m.a. með málefni Brunavarna Árnessýslu, almannavarna Árnessýslu, Listasafns Árnesinga, Byggðasafns Árnesinga, Tónlistarskóla Árnesinga og Héraðsskjalasafns Árnesinga. Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipar einn aðalmann og annan til vara í fulltrúaráð. Þá getur sveitarstjórn skipað að auki einn áheyrnarfulltrúa úr hópi minnihluta sveitarstjórnar í fulltrúaráðið og annan til vara.
 6. *Seyrustjórn (stjórn samstarfsverkefnis um seyrurekstur).* Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur standa sameiginlega að hreinsun, verkun og förgun seyru. Sveitarfélögin skipa hvert um sig einn fulltrúa og annan til vara í stjórn verkefnisins kölluð „seyrustjórnin“ í samstarfssamningi um sameiginlegan seyrurekstur.
 7. *Fjarskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf.* Sveitarstjórn skal mynda stjórn Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf. í samræmi við samþykktir félagsins.
 8. *Hitaveitufélag Gnúpverja.* Sveitarstjórn skipar einn aðalmann og annan til vara.
 9. *Öldungaráð.* Skipa skal í öldungaráð á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Skipa skal fulltrúa samkvæmt sérstöku samkomulagi við önnur sveitarfélög vegna samstarfs um öldrunarþjónustu.
 10. *Almannavarnanefnd Árnessýslu.* Sveitarstjórn skipar einn aðalmann og annan til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 í sameiginlega almannavernd í Árnessýslu.
 11. *Oddvitanefnd uppsveita Árnessýslu.* Oddviti sveitarstjórnar er aðalmaður og varaoddviti til vara.
 12. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og einn til vara.
 13. *Aðalfundur SASS.* Fjöldi fulltrúa á aðalfundi fer eftir samþykkt SASS um fjölda fulltrúa í samræmi við íbúafjölda sveitarfélagsins.

14. *Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.* Fjöldi fulltrúa á aðalfundi fer eftir samþykkt Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. um fjölda fulltrúa í samræmi við íbúafjölda sveitarfélagsins.
15. *Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands.* Einn fulltrúi og einn til vara.
16. *Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands.* Einn fulltrúi og einn til vara.

42. gr.

Verkefnabundnar nefndir.

Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

VI. KAFLI

Sveitarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

43. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

44. gr.

Hlutverk oddvita.

Ef ekki er ráðinn sérstakur sveitarstjóri sveitarfélagsins fer oddviti með daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

45. gr.

Hlutverk sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar.

Sveitarstjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þar sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Sveitarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Sveitarstjóri semur kjörskrár í umboði sveitarstjórnar. Jafnframt fjallar sveitarstjóri um athugasemdir við kjörskrár í umboði sveitarstjórnar, gerir nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurðar um ágreiningsmál sem upp kunna að koma fram að kjördegi vegna kosninga í samræmi við ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna og kosningar til Alþingis.

Oddviti er staðgengill sveitarstjóra sveitarfélagsins.

46. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi og veitir þeim lausn frá starfi.

47. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Um ráðningu annarra starfsmanna annast sveitarstjóri og veitir þeim lausn frá starfi, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt þessari eða með almennum fyrirmælum sem hafa verið birt.

Stjórnendur stofnana og deilda ráða starfsmenn sem undir þá heyra og veita þeim lausn frá störfum í samráði við sveitarstjóra.

48. gr.

Framsal sveitarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða viðaukum við hana að fela einstaka starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 30. gr.

Sveitarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu starfsmannsins en viðkomandi nefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Starfsmanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til sveitarstjórnar eða viðkomandi nefndar til fullnaðarafgreiðslu.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta ákvæða 20. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

Á grundvelli heimildar 93. og 94. gr. sveitarstjórnarlaga er byggingarfulltrúa falið að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum. Undanskildar frá slíkum afgreiðslum eru nafngiftir á götum, vegum og torgum.

Byggingarfulltrúa er falið að taka ákvörðun um að grenndarkynna mál í neðangreindum máls-tilvikum þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Við ákvörðun sína skal byggingarfulltrúi gæta þess að uppfylla ákvæði laga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulags-skilmála sem og samþykktir sveitarfélagsins um byggingarmál, enda sé tryggt að byggingarnar séu innan nýtingarhlutfalls sveitarfélagsins skv. aðalskipulagi og skerði ekki hagsmuni aðliggjandi lóðarhafa. Ef athugasemdir berast við grenndarkynningu skal málinu vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu að grenndarkynningartíma loknum en ef engar athugasemdir berast er byggingarfulltrúa heimilt að gefa út byggingarleyfi án frekari aðkomu skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar:

- a. Viðbyggingar við sumarhús þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er og viðbyggingin er innan byggingarreits og að lágmarki 10 metrar eru frá útvegg viðbyggingar að lóðarmörkum. Ef vafi leikur á lóðarmörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulagsnefndar.
- b. Viðbyggingar við íbúðarhús þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er og viðbyggingin er innan byggingarreits og að lágmarki 10 metrar eru frá útvegg viðbyggingar að lóðarmörkum. Ef vafi leikur á lóðarmörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulagsnefndar.
- c. Viðbyggingar við landbúnaðarbyggingar þar sem útliti er ekki breytt og sama hæð eða lægri er á viðbyggingu og því húsi sem fyrir er. Ef vafi leikur á lóðarmörkum skal byggingarfulltrúi vísa málinu til skipulagsnefndar.
- d. Eitt lítið hús, s.s. gestahús, bílskúr (viðbygging eða stakstæður), vinnustofa o.þ.h. á lóð þar sem þegar er til staðar íbúðar- eða frístundahús, enda sé um að ræða hús sem er hluti þeirrar eignar sem fyrir er á lóðinni og eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:
 1. Húsið sé innan byggingarreits eða innan 10 metra frá lóðarmörkum.

2. Flatarmál hússins er að hámarki 40 m² eða skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins.

3. Mesta hæð á þaki húss sé 3,5 metrar, mælt frá yfirborði jarðvegs.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli til skipulagsnefndar til fullnaðarafgreiðslu, s.s. ef lög, reglur, skipulag eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu byggingarfulltrúa skal byggingarfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulagsnefndar.

Að öðru leyti er vísað í samþykkt fyrir Umhverfis og tæknisvið uppsveita bs. Um efni viðaukans vísast til fylgiskjals með auglýsingu nr. 35/2022 um staðfestingu samþykktar fyrir byggðasamlagið Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.

49. gr.

Endurupptaka mála.

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá sveitarstjórn, nefnd eða embættismanni ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til sveitarstjórnar og verður að jafnaði að koma fram áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur sveitarstjórn ákvörðun um málsmeðferð.

50. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Skeiða- og Gnúpverjahrepps og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

51. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Skeiða- og Gnúpverjahrepps fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

52. gr.

Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

53. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Sveitarstjóri, leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum

sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitar-sjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

54. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 52. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá aflað svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

55. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og reglna sem settar eru á grundvelli ákvæðisins.

56. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reiknings-skilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

58. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

VIII. KAFLI

Samstarf við önnur sveitarfélög og samningar um starfsrækslu verkefna.

59. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Sveitarstjórn er heimilt að eiga samstarf um starfsrækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og þau sérlög sem við eiga.

60. gr.

Samningar við einkaaðila.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu eða öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

61. gr.

Réttur íbúa til áhrifa á stjórn sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika á að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar þess.

62. gr.

Upplýsingar um málefni sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal upplýsa íbúa sína um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og ákvörðunar og varða þá með almennum hætti. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal leitast við að veita íbúum upplýsingar um áhrif slíkra mála og áætlana á þjónustu sveitarfélagsins til skemmri og lengri tíma, fjárhag sveitarfélagsins, umhverfi og markmið sem að er stefnt.

Sveitarstjórn skal leitast við að upplýsa með almennum hætti um þær leiðir og aðferðir sem hún notar til samráðs við íbúa.

Sveitarstjórn skal enn fremur leitast við að íbúar sveitarfélagsins fái með reglulegum hætti upplýsingar um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög.

Til að ná ofangreindum markmiðum skal miða við að upplýsingagiöf fari fram á heimasíðu sveitarfélagsins, með útgáfu fréttabréfs, fundum í tengslum við málefni eða með öðrum leiðum sem gagnast til upplýsingagjafar.

63. gr.

Borgarafundir.

Sveitarstjórn ákveður hvort haldinn skuli borgarafundur í sveitarfélaginu, sbr. þó 2. mgr.

Ef minnst 10% af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska borgarafundar skal sveitarstjórn verða við því svo fljótt sem unnt er.

Til borgarafundar skal boða með opinberri auglýsingu ekki síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um form fundar, þar á meðal hvort þátttakendum gefist tækifæri til að taka þátt í umræðum og leggja fram fyrirspurnir og tillögur.

Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram á fundi skal það tiltekið í fundarboði ásamt þeirri tillögu sem greiða á atkvæði um.

Ályktanir almennra borgarafunda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal halda árlega a.m.k. einn borgarafund til kynningar á ársreikningi sveitarfélagsins þegar hann liggur fyrir endanlega samþykktur af sveitarstjórn.

64. gr.

Íbúáþing.

Sveitarstjórn getur haldið íbúáþing. Niðurstaða íbúáþings er ekki bindandi fyrir sveitarstjórn.

65. gr.

Íbúakosningar.

Sveitarstjórn ákveður hvort fram skuli fara almenn atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess, sbr. þó 63. gr.

Til atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn opinberlega kynna þá tillögu sem borin verður undir atkvæði og þær upplýsingar sem kjósendum eru nauðsynlegar til að geta tekið til hennar upplýsta afstöðu.

Rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. eiga þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Sveitarstjórn skal gera kjörskrá fyrir atkvæðagreiðsluna. Um gerð hennar og auglýsingu gilda ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og atkvæðisréttur jafn.

Atkvæðagreiðsla skv. þessari grein, sem og 63. gr., er ráðgefandi nema sveitarstjórn ákveði að hún skuli binda hendur sínar til loka kjörtímabils. Í auglýsingu skv. 2. mgr. skal koma fram hvort atkvæðagreiðsla sé bindandi. Slíka ákvörðun má binda skilyrði um að tiltekið hlutfall þeirra sem voru á kjörskrá hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti skal fara eftir meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.

66. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 30% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórna og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

67. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps nr. 758/2013 með síðari breytingum.

Innviðaráðuneytinu, 24. mars 2022.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafðís Gísladóttir.